

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um friðun á laxi. — Með 78 þóknanlegu brjefi 5. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til 31. marz. laga um friðun á laxi, er alþingi síðastliðið ár hefir samþykkt.

Lagafrumvarpið kemur einkum fram sem endurskoðun á viðaukalögum 11. maí 1876 við Jónsbókar landsl. bóls LVI. kapit. um friðun á laxi; og breytingar þær, sem því er ætlað að gjöra á hinum nú gildandi lögum, eru hvorki margar nje sjerlega þýðingarmiklar. Alt um það er þó ein af þessum breytingum svo, að ráðgjafanum hefir þótt hún sjerlega ísjárverð. Þar sem nefnilega ætla má, að þýða beri lögin 11. maí 1876 á þann hátt, að í þeim sje ekkert til hindrunar því, að sá, sem einn á veiði í á, veiði lax í henni með því að þvergirða hana, þá eru aptur á móti tilsvarandi ákvarðanir frumvarpsins, og eins fyrirsögn þess, orðað á þann hátt, að forboðið móti því að þvergirða hlýtur einnig að eiga þar við, sem svona stendur á. Að því er menn vita er sem stendur að eins ein sú á á Íslandi, að laxveiðin í henni sje eins manns eign, og það er Elliða-áin í Gullbringu- og Kjósarsýslu; en í henni hefir laxinn frá ómunatíð verið veiddur með því að þvergirða ána, fyrst af stjórninni, og síðan af privat-eigandanum, eptir að veiðin 1853 varð einstaks manns eign. — Eptir að lögin 11. maí 1876 komu út, hefir verið vakinn efi um heimildina til að beita þessari veiðiaðferð í Elliða-ánni, og spurningin um þetta liggur sem stendur fyrir hæstarjetti til úrslita. Það væri því að áliti ráðgjafans mjög óheppilegt að skera með nýrri löggjöf úr þessari sjerstöku («individuelle») rjettarþrætu, — og heyrir hún eptir eðli sínu undir úrskurð dómstólanna.

Það er þó einkanlega fyrir grundvallarskoðana sakir, að ráðgjafanum hefir þótt ísjárvert að ráða til þess, að lagafrumvarpið yrði staðfest, með því að ákvörðun þess, sú er nú var nefnd, brýtur í bága við grundvallarreglu, sem frá fornu fari hefir fylgt verið í íslenzkri löggjöf, og sem einnig hefir jafnan verið fylgt í verkinu, þá grundvallarreglu sem sje, að sá, sem einn á veiði í á, hafi rjett til að þvergirða hana. Þessi grundvallarregla var og tekin upp í frumvarp það til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, sem stjórnin lagði fyrir síðasta alþingi, og fjellst nefnd sú, er neðri deild alþingis setti til að fjalla um málið, yfir höfuð á þessa grundvallarreglu, og í sömu átt bendir það, hversu efi deild samþykkti við aðra og þriðju umræðu að orða 2. gr. þessa lagafrumvarps, er hjer liggur fyrir.

Það verður nú eigi sjeð, að full ástæða sje til að víkja frá þessari grundvallarreglu, sem styðst við þá skoðun, að það væri óeðlileg takmörkun á atvinnufrelsinu, að meina nokkrum manni að hafa þá veiðiaðferð, sem hann álitur sjer arðsamasta, þegar hann á einn alla veiðina, og einskis annars rjettur er með því skertur.

Með því að ráðgjafinn af ástæðum þeim, sem nú voru taldar, hefir eigi þóft mega ráða til þess, að frumvarp það, sem hjer um ræðir, yrði að lögum gjört, hefir hann allra þegnlegast lagt það til, að því yrði synjað um allra hæsta staðfestingu, og hefir hans hátign konunginum þóknast að fallast allra-mildilegast á þessa tillögu 17. þ. m.

Jafnframt sem jeg tjái yður, herra landshöfðingi, það, sem að ofan greinir til þóknanlegrar leiðbeiningar, skora jeg þjónustusamlega á yður, að birta almenningi efi brjefs þessa með því, að taka það upp í B-deild stjórnartíðindanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu þjóðjarða. — Með 79 þóknanlegu brjefi 15. september f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frum- 31. marz. 31. dag maím. 1882.

79 varp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, sem al-  
31. marz. þingi síðast liðið ár hafði samþykkt.

Þar sem nú frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir þingið, hafði að eins fyrir augum sölu undir hendinni og að eins til leiguliða, fer frumvarp það, sem þingið hefir samþykkt, aptur á móti fram á, að hinar umræddu jarðir skuli settar á opinbert uppboð og seldar hæstbjóðanda, þó svo, að leiguliða sje áskilinn rjettur til að ganga að boði hæstbjóðanda, ef hann lýsir yfir því innan tveggja mánaða, að hann vilji taka það boð að sjer. Alþingi hefir enn fremur aukið svo heimild þá, sem stjórnin beiddist eptir í frumvarpi sínu, að frumvarpið nú í stað 4 jarða nær til samtals 17. jarða eða sem næst  $\frac{1}{16}$  af allri jarðeign landssjóðsins, og nemur hið lægsta kaupverð, sem til er tekið, samtals fyrir allar jarðir þessar 70,000 krónur. Sömuleiðis eru teknar upp í frumvarp alþingis ákvarðanir um, hversu haga skuli greiðslu andvirðisins, en þessar ákvarðanir eru allfrábrugðnar reglum þeim, sem stjórnin hafði í athugasemdunum við lagafrumvarp það, er hún lagði fyrir þingið, látið í ljósi, að hún vildi fylgja við sölnu; og loks er þeirri nýju ákvörðun hnýtt aptan við frumvarpið, að heimild sú, sem stjórninni er veitt til að selja, skuli að eins gilda til ársloka 1883.

Eins og frumvarpið liggur fyrir frá alþingi, er það þannig verulega nýtt frumvarp og ólíkt stjórnarfrumvarpinu. Einkanlega verður að álíta það þýðingarmikið at-  
riði, að því er til sölu þjóðjarða kemur, er alþingi hefir fallizt á þá breytingu, sem yfir-  
gefur grundvallarreglu þá, að þjóðjarðir verði að eins seldar leiguliðum, en á henni var frumvarp stjórnarinnar byggt. Og þótt alþingi hafi álitid, að leiguliðunum sje næg trygging veitt með þeim aðgangi til að ganga að hæsta boði, sem alþingisfrumvarpið heimilar þeim, þá mun þó dæmið frá sölu stólsjarðanna — þar sem sömu aðferð var fylgt — sýna, að þetta mun alls ekki eiga sjer stað. Það má sjá það fyrir, að nú er spurningin um sölu þjóðjarða á Íslandi liggur í fyrsta sinn fyrir til úrslita, muni á-  
kvarðanir þær, er teknar verða um sölnu, hafa hin mestu áhrif á það, hverjum reglum framvegis verði fylgt við jarðasölu, og því hefir ráðgjafinn út af þessu alþingis-  
frumvarpi tekið þá almennu spurningu til íhugunar á ný, hverjum reglum beri að fylgja við sölu þjóðjarða, og hefir hann einkanlega hugleitt það, hvort ástæða mundi til að víkja frá þeirri grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins, að engum öðrum skuli jarðirnar selja, en leiguliðum þeim, er á þeim búa.

Ráðgjafinn hefir þó eigi komizt að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til fyrir sig að víkja frá þeirri skoðun, sem stjórnin hefir hingaðtil fylgt fram í þessu máli, og skal í því efni þess getið, er nú greinir:

Aðaltilgangurinn með að selja þjóðjarðirnar er sá, að efla sjálfseign. En þessi tilgangur næst því að eins, að þeirri reglu sje fylgt, að jarðirnar sjeu að eins seldar á-  
búendunum. Sjeu þær öðrum seldar, en þeim, er þess ekki að vænta, að nein breyting verði á því ástandi, sem nú er, að eignarrjetturinn til jarðanna og ábúðarrjetturinn að þeim eru sinn í hvors höndum; en það liggur aptur í hlutarins eðli, að þess er að eins að vænta um sjálfseignarboendur í eiginlegum skilningi, það er að segja þá, sem búa sjálfir á eign sinni, að þeir muni gjöra verulegar jarðabætur. Að þessu sje þannig varið, hafa ýmsir sagt á þingi, sjerstaklega nokkrir hinna hyggjustu bænda, og þetta sama staðfestir og reynslan frá því, er stólsjarðirnar voru seldar. Auk þeirrar sann-  
girniskrófu, sem leiguliðarnir hafa til að eignast ábúðarjarðir sínar, virðast því einnig rjettar þjóðmeganfrøðilegar grundvallarreglur að mæla með því, að salan sje takmörk-  
uð við þá.

Sje þessu haldið föstu sem skilyrði fyrir sölunni, verður afleiðingin að vísu sú, **79**  
 að seinna mun ganga að selja þjóðjarðirnar, með því að ráð má fyrir gjöra, að fæstir 31. marz.  
 af leiguliðunum muni sem stendur vera færir um að kaupa ábylisjarðir sínar. En það  
 er hvorttveggja að leiguliðum mun vera hollara að halda landssjóði sem landsdrottinn, en  
 að fá einstaka menn í hans stað, því að meðan þær eru landssjóðs eign, er þeim borgið  
 gegn uppfærslu á afgjaldinu, og svo geta þeir og á meðan búizt við því — og um það  
 er mest vert, — að ættingjar þeirra haldi jörðinni eptir þeirra dag; enda mun það  
 mikið vafamál, hvort þessi tími, sem nú er, þegar jarðir eru að stíga í verði, sje yfir  
 höfuð hentugur til, að selja þjóðjarðir að miklum mun. Ráðgjafinn hneygist að þeirri  
 skoðun, að það muni heppilegast, einnig fyrir landssjóð að selja jarðirnar smátt og smátt  
 leiguliðunum.

Í því, hversu alþingi hefir tekið í málið, þykist ráðgjafinn og sjá enn frekari  
 ástæðu til, að vika eigi frá skoðun sinni um, með hverjum kjörum og á hvern hátt  
 þjóðjarðasalan eigi fram að fara. Í þessu tilliti skal þess fyrst getið, að þá er alþingi  
 1879 samþykkti ályktun, er miðaði til að undirbúa þjóðjarðasöluna, þá var í þeirri  
 þingsályktun gjört ráð fyrir að selja ábúendum, og þessari skoðun hefir stjórnin síð-  
 an fylgt í frumvarpi sínu; en þar næst skal bent til þess, að það sjest af umræðunum  
 á alþingi í fyrra, að skoðanir hafa verið mjög deildar um það, hvort rjett væri að vika  
 nú frá þessari reglu, og yfir höfuð um efni lagafrumvarpsins, og virðist svo sem orsök-  
 in til þess, að frumvarpið var samþykkt samhljóða í báðum deildum, hafi fremur verið  
 sú, að menn óskuðu að binda sem bráðastan enda á málið, heldur en hitt, að menn hafi  
 verið ásáttir um kosti hvers einstaks atriðis í því. En þar sem það er svo þýðingar-  
 mikið fyrir landið, að máli þessu verði heppilega til lykta ráðið, virðist ráðgjafanum alt  
 minna um það vert, hvort fullnaðarúrslit verði á því tveim árum fyrr eða síðar.

Loks ætlar ráðgjafinn, að það verði að viðurkennast, að lagafrumvarp um sölu  
 á þjóðjörðum ætti helzt að vera undirbúið af stjórninni og lagt fyrir þingið af henni;  
 en slíkt verður að eins að minnstu leyti sagt um frumvarp það, er hjer er um að  
 ræða.

Með því að ráðgjafinn af tjeðum ástæðum eigi hefir þótt geta ráðið til, að  
 frumvarp það, er hjer um ræðir, verði staðfest sem lög, hefir hann allra-þegnlegast  
 lagt það til, að því yrði synjað um allrahesta staðfestingu, og á þá tillögu hefir því-  
 næst hans hátign konunginum þóknast allra-mildilegast að fallast 17. þ. m.

Um leið og jeg tjái yður, herra landshöfðingi, það er að ofan greinir, til þókn-  
 anlegrar leiðbeiningar, skal þess jafnframt getið, að ráðgjafinn hefir í huga að leggja  
 mál það, er frumvarpið hljóðaði um, á ný fyrir alþingi það, er saman kemur 1883.  
 Efni þessa brjefs skora jeg þjónustusamlega á yður að kunngjöra almenningi með því  
 að taka það upp í B-deild stjórnartíðindanna.

## Reikningar.

(Framhald frá bls. 80).

### Búnaðarskólagjald í vesturamtinu 1880.

Tekjur.

	kr.	a.	Kr.	A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1879:				
a. Í veðskuldabryfum . . . . .	4550	”		
	Fyt 4550	”		